

## HEILBRIGÐISNEFND

Ár 2023, fimmtudaginn 6. október kl. 10:02, var haldinn 143. fundur heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir og fulltrúi Samtaka atvinnulífsins, Ólafur Jónsson. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. másl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Sandra Hlíf Ocares. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Tómas G. Gíslason, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Rósa Magnúsdóttir og Sigurjóna Guðnadóttir. Fundarritari var Snædís K. Bergmann.

### Petta gerðist:

- Lögð fram til kynningar, fjárhagsáætlun 2024 fyrir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.  
- Kl. 10:05 tekur Birna Hafstein sæti á fundinum.  
Hreinn Ólafsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. HER23010001
- Lagt fram til afgreiðslu breytingar á gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir árið 2024.  
Samþykkt. HER23010001  
Hreinn Ólafsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
- Lögð fram umsagnarbeiðni, dags. 27. júlí 2023, þar sem Kópavogsbær óskar eftir umsögn um breytingu á deiliskipulagi vegna máls nr. 0427/2023, Brú yfir Fossvog, sem var auglýst í Skipulagsgátt. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 15. september 2023 ásamt fylgigögnum. HER23010001  
Helgi Guðjónsson heilbrigðisfulltrúi tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
- Lögð fram umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar dags. 28. júní 2023 þar sem óskað er eftir umsögn um uppbyggingu á húsnæði fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. Einnig er lögð fram matsskyldufyrirspurn frá VSÓ ráðgjöf dags. maí 2023 og umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 30. ágúst 2023. HER23010001  
Helgi Guðjónsson heilbrigðisfulltrúi tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
- Fram fer kynning á fyrirkomulagi við yfirferð teikninga frá atvinnustarfsemi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. HER23010001
- Fram fer kynning á hlutverki Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur varðandi starfsemi snyrtistofa og sólbaðsstofa. HER23010001
- Fram fer kynning á máli Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna ólöglegar geymslu á matvælum. HER23010001
- Lagðar fram fundargerðir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 12. september 2023, 19. september 2023, 22. september 2023, 26. september 2023, 29. september 2023 og 3. október 2023. HER21120009

### Fundi slitið kl. 11:25

Aðalsteinn Haukur Sverrisson

Birna Hafstein  
Ólafur Jónsson

Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir  
Sandra Hlíf Ocares